

# Skólaráð

## 4. fundur, 16.febrúar 2021

*Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, Bergún Grímsdóttir, Margrét Ludwig, Svanhildur Ástþórsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Ingibert Snær Erlingsson, Hrafnhildur Einarsdóttir, Ágústa M. Jónsdóttir fjarverandi.  
Einar Birgir Steinþórsson ritari*

### 1. Skóladagatal næsta skólaárs

Skólastjóri kynnir skóladagatal næsta árs eins og það hefur verið samþykkt af kennurum skólans. Skólaráð gerði engar athugasemdir við dagatalið og var það samþykkt samhljóða.

### 2. Lesfimi

Skólastjóri gerir grein fyrir niðurstöðu lesfimiþróa í september og janúar. Þrír bekkir eru aðeins undir landsmeðaltali en töluverðar framfarir í öllum árgöngum og miklar í sumum. Júlíus spyr um hvort kynjamismunur hafi verið skoðaður í ljósi umræðu um stöðu drengja í skólakerfinu. Sigrún segir að það hafi ekki verið gert en til standi að gera það í tengslum við verkefni sem skólinn fékk styrk í frá Sprotasjóði fyrir næsta skólaár. Júlíus hrósar kennurum fyrir vinnu kennara í tengslum við lesfimina. Svanhildur tekur undir þetta og hrósar “samskiptabókinni” sem komin er .

### 3. Niðurstöður R&G

Krakkarnir í hverfinu. Skólastjóri gerir grein fyrir og fer yfir helstu niðurstöður sem snúa að skólanum og skólahverfinu. Fór fyrst yfir nokkrar lykiltölur. Rætt um sláandi tölur varðandi andlega og líkamlega heilsu.

Síðan farið yfir niðurstöður svörunar úr einstaka lykilsurningum. Sigrún lýsir áhyggjum af niðurstöðum fyrir 9.bekk.

Nokkrar umræður urðu um einstaka spurningar og niðurstöður. Allir sammála því að þessar niðurstöður þarf að taka alvarlega, nýta og vinna með þær í samvinnu við foreldra og nemendur.

Sigrún nefnir þá hugmynd skólans að biðja um kynningarmyndband frá R&G sem hægt væri að senda heim og nemendur og foreldrar mundu vinna verkefni saman út frá niðurstöðunum og skila til skólans. Þeir sem tjáðu sig voru ánægðir með þá tillögu.

Svanhildur sagði frá áhyggjum foreldrafélagsins yfir því hversu lítið foreldrar væru að hittast í faraldrinum og tenging og samráð milli foreldra hefði minnkað verulega.

Foreldraróltið væri einnig mun minna virkt en áður.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 9:40.

